

# Kraftur stuðningsfélag

Ársreikningur 2023

Kraftur stuðningsfélag  
Kennitala 571199-3009  
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

**Efnisyfirlit****bls.**

Skýrsla stjórnar .....	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7 - 8

Kraftur stuðningsfélag  
Kennitala 571199-3009  
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Kraftur stuðningsfélag er sjálfstætt áhugamannafélag og er tilgangur félagsins að gæta hagsmuna og stuðla að velferð ungs fólks sem fengið hefur krabbamein svo og aðstandenda.

### Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Samkvæmt rekstrarreikningi var afkoma ársins jákvæð um 54,0 milljón króna í samanburði við 3,8 milljónir króna árið 2022.

Fjöldi ársverka á árinu voru 3,46 samanborið við 3,31 árið 2022.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

### Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til skýringa varðandi ráðstöfun á afkomu félagsins. Ekki er greiddur arður úr félaginu.

Stjórn Krafts og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

## Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

### Til stjórnar Krafts stuðningsfélags

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Krafts stuðningsfélags fyrir árið 2023 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 30. apríl 2024

### PricewaterhouseCoopers ehf

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Stakir styrkir .....		63.138.041	30.980.618
Vefsala .....		51.995.213	37.627.985
Mánaðarlegir styrktaraðilar .....		56.535.224	49.334.524
Félagsgjöld .....		3.116.000	3.093.500
Ríkisframlag .....		600.000	0
	2	<u>175.384.478</u>	<u>121.036.627</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	51.285.031	44.750.281
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		31.410.050	29.735.308
Aðkeypt vinna .....		11.488.386	19.471.841
Þjónusta við skjólstæðinga .....		8.169.323	7.482.120
Vörunotkun .....		21.454.283	15.321.559
Úthlutun úr neyðarsjóði .....		5.964.123	1.462.746
Úthlutun úr minningarsjóði .....		1.650.000	1.750.000
		<u>131.421.196</u>	<u>119.973.855</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		43.963.282	1.062.772
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		7.162.416	2.654.682
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(69.076)	(1.936)
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		2.914.081	66.576
		<u>10.007.422</u>	<u>2.719.322</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u>53.970.704</u>	<u>3.782.094</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	2023	2022
<b>Veltufjármunir</b>			
Áhættufjármunir:			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu .....	4	52.987.130	50.100.117
Birgðir:			
Vörubirgðir .....	5	8.194.751	5.159.150
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	6	7.641.920	8.521.763
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		903.689	2.346.478
		<u>8.545.609</u>	<u>10.868.241</u>
Handbært fé:			
Sjóður .....		71.200	10.000
Bankainnstæður .....	7	<u>123.362.925</u>	<u>76.828.205</u>
		<u>123.434.125</u>	<u>76.838.205</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>193.161.615</u></u>	<u><u>142.965.713</u></u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	8	182.997.721	129.027.017
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		7.565.494	10.628.615
Ógreitt vegna starfsmanna .....		2.598.400	2.969.158
Aðrar skammtímaskuldir .....		0	340.923
		<u>10.163.894</u>	<u>13.938.696</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>193.161.615</u></u>	<u><u>142.965.713</u></u>

## Sjóðstreymi 2023

	Skýringar	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Afkoma ársins.....		53.970.704	3.782.094
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreytingar verðbréfa og annarra eigna í fjárvörslu .....		(2.914.081)	(66.576)
		<u>51.056.622</u>	<u>3.715.518</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur lækkun (hækkun).....	6	2.322.632	(996.609)
Vörubirgðir lækkun (hækkun).....	5	(3.035.601)	(921.060)
Skammtímaskuldir (lækkun) hækkun.....		(3.774.802)	5.318.654
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>46.568.851</u>	<u>7.116.503</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð verðbréfa og annarra eigna í fjárvörslu .....	4	(2.508.992)	(75.666.570)
Söluverð verðbréfa og annarra eigna í fjárvörslu .....	4	2.536.061	75.666.570
		<u>27.069</u>	<u>0</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b>		46.595.920	7.116.503
Handbært fé í byrjun árs.....		76.838.205	69.721.702
<b>Handbært fé í lok árs</b>	7	<u><u>123.434.125</u></u>	<u><u>76.838.205</u></u>

## Skýringar

Kraftur stuðningsfélag er sjálfstætt áhugamannafélag og er tilgangur félagsins að gæta hagsmuna og stuðla að velferð ungs fólks sem fengið hefur krabbamein svo og aðstandenda.

Kraftur stuðningsfélag er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

Félagið er aðili að Krabbameinsfélagi Íslands.

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

### 2. Innlaun tekna

#### Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

#### Framlög og styrkir

Framlög og styrkir til félagsins eru færð til tekna þegar fjárhagslegur ávinningur vegna þeirra hefur skilað sér til félagsins, eða þegar unnt er að meta fjárhagslegan ávinning þeirra með ábyggilegum hætti.

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2023	2022
Laun .....	39.907.536	34.793.946
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	5.197.866	4.665.585
Launatengd gjöld .....	6.179.629	5.290.750
	<u>51.285.031</u>	<u>44.750.281</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 3,46 en voru 3,31 á fyrra ári.

Í lok árs 2023 nemur ógreitt orlof starfsmanna vegna fyrri tímabils og ógreidd yfirvinna kr. 3,5 milljónum sem ekki hefur verið gjaldfært í ársreikningi félagsins. Fjárhæðin hefur ekki verið reiknuð með tilliti til launatengdra gjalda.

### 4. Fjárfestingar í verðbréfum

Stjórn félagsins hefur fjárfest kr. 50 milljónum úr sjóðum félagsins í skuldabréfasafni sem Einkabankþjónusta Arion banka er falið að stýra. Meginstefna við vörslu fjármunanna er öryggi umfram háa ávöxtun og er Arion banki því samningsbundinn.

#### Fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning

Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í rekstrarreikning er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða félagið hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds. Fjáreignir á gangvirði í rekstrarreikningi eru síðar bókfærðar á gangvirði.

Gangvirðisbreytingar sem myndast vegna breytinga á gangvirði í flokknum "fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikningi" eru innifaldar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær myndast.



## Skýringar

### 5. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Vörur í endursölu .....	8.194.751	5.159.150

Allar birgðir eru metnar á kostnaðarverði.

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og sölukostnaði.

### 6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Viðskiptakröfur .....	7.641.920	8.521.763

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar úr bókum félagsins.

### 7. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

Bankainnstæður greinast þannig:	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Almennir bankareikningar .....	117.658.971	70.027.698
Bankareikningur, Neyðarsjóður .....	3.463.838	2.750.951
Bankareikningur, Fítónskraftur .....	534.434	496.930
Bankareikningur, Minningarsjóður .....	1.685.789	3.274.902
Bankareikningur, Verðbréfaeign .....	19.893	277.724
	<u>123.362.925</u>	<u>76.828.205</u>

### 8. Eigið fé

	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Óráðstafað frá fyrra ári .....	129.027.017	125.244.923
Afkoma ársins .....	53.970.704	3.782.094
	<u>182.997.720</u>	<u>129.027.017</u>

### 9. Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi leigusamningar

Leigusamningur um 108,9 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði ásamt hlutdeild í sameiginlegu rými um 147,5 m<sup>2</sup> að Skógarhlíð 8, í Reykjavík var undirritaður þann 23.12.2022. Leigusamningurinn er til 5 ára og tók hann gildi 01.12.2021. Er hann uppsegjanlegur með 9 mánaða fyrirvara. Samningsfjárhæðin er verðtryggð og skal taka mánaðarlegum hækkunum skv. vísitölu neysluverðs. Húsaleiga ársins nam kr. 5,5 milljónum og er gjaldfærð meðal skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar.

## Sundurliðanir með ársreikningi

	2023	2022
<b>a. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	39.907.536	34.793.946
Bifreiðastyrkur .....	1.247.226	884.250
Tryggingargjald .....	2.928.024	2.572.387
Lífeyrissjóðsframlag .....	5.197.866	4.665.585
Sjóðagjöld - mótfamlag .....	803.793	722.554
Kaffikostnaður .....	283.291	165.763
Annar starfsmannakostnaður .....	917.295	945.796
	<u>51.285.031</u>	<u>44.750.281</u>
<b>b. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Rekstur velunnarakerfis .....	14.031.323	11.254.334
Húsaleiga .....	5.539.845	5.087.678
Pappír, prentun og ritföng .....	984.167	828.200
Þjónustugjöld og fit kostnaður .....	1.236.488	1.281.472
Auglýsingar .....	1.372.773	2.558.073
Burðargjöld .....	2.922.891	912.903
Rekstur tölvukerfa og gjaldfærður hugbúnaður .....	1.217.838	1.332.715
Auglýsingar án vsk .....	0	1.000.445
Þjónustugjöld Visa/Euro .....	737.209	401.362
Viðhald húsnæðis .....	0	1.967.133
Móttaka, sími og póstur .....	192.083	180.000
Félags- og aðildagjöld .....	81.984	84.100
Fundir og fjáröflunarviðburðir .....	397.757	202.210
Ferðakostnaður .....	630.425	364.280
Ráðstefnur .....	1.362.800	57.800
Gjaldfærður húsbúnaður .....	0	44.027
Annar kostnaður án vsk .....	44.700	2.450
Gjaldfærð áhöld og tæki .....	339.771	720.610
Annar kostnaður .....	126.448	1.200.098
Bensín og olíur .....	76.521	63.280
Aðkeyptur akstur leigubifreiða .....	47.742	87.624
Skrifstofuáhöld .....	67.285	104.514
	<u>31.410.050</u>	<u>29.735.308</u>
<b>c. Aðkeypt vinna</b>		
Aðkeypt þjónusta vegna fjáröflunar .....	1.047.465	5.397.790
Önnur aðkeypt þjónusta .....	8.545.161	12.682.988
Bókhaldsþjónusta og ársreikningagerð .....	1.895.760	1.391.063
	<u>11.488.386</u>	<u>19.471.841</u>
<b>d. Þjónusta við skjólstæðinga</b>		
Sálfræðiþjónusta - námskeið .....	2.498.926	2.647.673
Mannfagnaðir (fyrir skjólstæðinga) .....	5.670.397	4.834.447
	<u>8.169.323</u>	<u>7.482.120</u>
<b>e. Vörunotkun</b>		
Vörukaup (vsk. 24%) .....	11.859.725	7.048.211
Vörukaup (vsk. 11%) .....	12.301.675	7.030.450
Umbúðir .....	328.484	814.038
Sendingarkostnaður - vöruflutningar .....	0	1.349.920
Birgðir í upphafi .....	5.159.150	4.238.090
Birgðir í lok .....	(8.194.751)	(5.159.150)
	<u>21.454.283</u>	<u>15.321.559</u>

# Undirritunarsíða

lögiltur endurskoðandi  
Sara Henný H Arnbjörnsdóttir

Stjórnarformaður  
Elín Sandra Skúladóttir

meðstjórnandi  
Linda Sæberg Þorgeirsdóttir

meðstjórnandi  
Guðni Þór Jóhannsson

meðstjórnandi  
Arnar Sveinn Geirsson

meðstjórnandi  
Ragnheiður Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri  
Hulda Hjálmarsdóttir